

Skylt er að halda aðgreindum úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun. Sé úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. ekki haldið aðgreindum, sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er úr úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr.

Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum með haus, 55% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,55.

7. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan úthafskarfaafli í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafli skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands. Einnig skal koma fram hve mikill hluti aflans er fenginn á hvoru svæðinu skv. 1. og 2. mgr. 3. gr.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. mars 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 2002.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 2002, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. maí 2002 með eindaga 1. júní 2002, verða sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki:	kr.
a) Föst tæki - myndataka	14.200
b) Föst tæki - skygning	19.850
c) Tölvusneiðmyndataeki	28.350

d)	Aukalampar	4.000
e)	Færanleg tæki - myndataka	11.350
f)	Færanleg tæki - skygging	14.750
g)	Tannröntgentæki	8.500
h)	Tannröntgentæki - aukatæki	4.250
i)	Iðnaðarröntgentæki	12.500
j)	Dýralækningaröntgentæki	12.500
2.	Geislalækningatæki	19.850
3.	Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar	17.000
4.	Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað	9.100
5.	Önnur geislataeki:	
a)	Nifteindatæki	34.000
b)	Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
1)	Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	9.100
2)	Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4.550
6.	Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.	
a)	Filmumælingar, fyrir hverja filmu	453
b)	TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1.150

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, *má* flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjald-daga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 11.300. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.300.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 28.300. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. mars 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUR

um millibankamarkað með gjaldeyrisskiptasamninga.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands setur hér með eftirfarandi reglur skv. heimild í 18. og 38. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.